

Greinargerð með skipuriti forsætisráðuneytisins

1. Hlutverk forsætisráðuneytisins

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007, með síðari breytingum, sem öðlast gildi 1. október 2009, fer forsætisráðuneytið með mál er varða:

- Stjórnskipan lýðveldisins og stjórnarfar almennt
- Embætti forseta Íslands og embættisbústað
- Ríkisráð Íslands
- Alþingi
- Forystu og verkstjórn innan Stjórnarráðs Íslands
- Skipun ráðherra og lausn
- Skiptingu starfa og samhæfingu þeirra milli ráðherra og ráðuneyta
- Ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal ráðstöfun skrifstofuhúsa og gestahúsa ríkisstjórnarinnar
- Umbætur í löggjöf og stjórnsýslu
- Fána Íslands, ríkisskjaldarmerki og þjóðsöng Íslendinga
- Hina íslensku fálaorðu og önnur heiðursmerki
- Þjóðlendar
- Þingvelli og Þingvallapjóðgarð
- Vísinda- og tækniráð
- Embætti ríkislögmanns
- Umboðsmann barna

Einnig heyra verkefni upplýsingasamfélagsins undir forsætisráðuneytið. Auk framangreinds fer ráðuneytið með ýmis málefni og tilfallandi verkefni er tengjast stöðu og störfum forsætisráðherra sem oddvita ríkisstjórnarinnar og samræmingu og samráð er lýtur að samstarfi ráðuneyta á ýmsum sviðum.

2. Framtíðarhlutverk forsætisráðuneytisins.

2.1 Forystu-, verkstjórnar- og samræmingarhlutverk.

Forsætisráðuneyti fær aukið forystu-, verkstjórnar- og samræmingarhlutverk með breyttu skipulagi og með stýringu samráðsnefnda ráðherra. Ennfremur hefur verið settur á fót fastur samstarfsvettvangur stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins og önnur lykilhagsmunasamtök um þróun íslensks samfélags. Ráðuneytið mun stýra stefnumótun á sviði stjórnsýsluumbóta og – þróunar, þróunar lýðræðis og stjórnskipunar, samkeppnishæfni Íslands og jafnréttis kynjanna. Ennfremur verður lagasamræming innan Stjórnarráðsins eflað undir forystu þess. Til að ofangreindar breytingar verði markvissar er starfsemi ráðuneytisins endurskipulögð til að halda utan um umbótaverkefni annars vegar og verkefnisstjórn um samfélagsþróun hins vegar.

Við mótun hins nýja skipurits forsætisráðuneytisins var m.a. höfð hliðsjón af skipulagi forsætisráðuneyta í öðrum löndum og þá ekki síst í Danmörku. Meðal einkenna forsætisráðuneyta annars staðar á Norðurlöndum er að þar eru fáir eða engir málefnaflokkar eða verkefni, heldur gegna slík ráðuneyti fyrst og fremst samræmingarhlutverki og verkstjórn.

Sérfræðingar á sviði stjórnsýslu hafa gagnrýnt skort á stefnumótun í íslenski stjórnsýslu og með nýju skipulagi er stefnt að því að efla almenna stefnumótun innan stjórnsýslu hér á landi.

Mikilvægt er jafnframt að unnið sé markvisst að því að endurskoða vinnubrögð innan Stjórnarráðsins og stjórnsýslunnar með það að markmiði að auka skilvirkni og gagnsæi og vönduð vinnubrögð í hvívetna. Flutningur hefðbundinna stjórnsýsluverkefna til annarra ráðuneyta skýrist m.a. af þessum markmiðum. Jafnframt verður þá svigrúm fyrir ríkisstjórn að fela forsætisráðuneytinu samræmingu varðandi ýmis sérstök forgangsmál. Þannig hefur verið sett á fót ráðherranefnd um jafnréttismál undir forystu forsætisráðherra en jafnréttismál almennt verða áfram í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Önnur ráðherranefnd mun tryggja eftirfylgni með verkefnum sem heyra undir önnur ráðuneyti á sviði efnahagsmála og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þriðja ráðherranefndin mun fjalla um Evrópumál og loks verður sett á fót ráðherranefnd um ríkisfjármál á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

2.2 Stefnunmótun á sviði stjórnsýsluumbóta og þróunar

Forsætisráðuneytið mun sjá um verkefnastjórnun vegna fækkunar ráðuneyta í áföngum úr tólf í níu, vegna nýrrar forgangsröðunar þar sem þess er þörf og vegna breyttrar verkaskiptingar þar sem færð eru saman verkefni til að ná sem mestum samlegðaráhrifum.

Fyrirhugaðri stefnumótun, einföldun stjórnsýslu og sameiningu ráðuneyta og stofnana verður stýrt úr forsætisráðuneytinu á skrifstofu stjórnsýsluþróunar. Mun ráðuneytið einnig hafa frumkvæði að því að innleiða hugmyndir og aðferðir við úrlausn verkefna. Til þess að samræma þessi markmið um aðhald í útgjöldum ríkisins og skilvirkari og öflugri stjórnsýslu og þjónustu til framtíðar hefur ríkisstjórnin ákveðið að ráðast í viðamiklar breytingar og endurskipulagningu á þeim verkefnum sem ráðuneyti og stofnanir sinna í dag. Markmið þessarar breytinga eru auk þess að nýta þá fjármuni sem til skiptanna eru með sem árangursríkustum hætti, að efla grunnþjónustu, auka skilvirkni í ríkisrekstri, einfalda stjórnsýslu og þjónustu til framtíðar og gera ríkiskerfið almennt sveigjanlegra til þess að takast á við breytingar. Auka þarf samstarf ráðuneyta og samvinnu almennt þannig að ríkið í heild og einstök ráðuneyti og stofnanir þeirra vinni saman sem ein heild.

Ráðuneytið styður við starfsemi annarra ráðuneyta með skilvirku upplýsingaflæði, samræmingu og samhæfingu auk þess að leiða margvísleg verkefni sem lúta að samfélagslegri þróun í landinu.

2.3 Að snúa vörn í sókn – efla samkeppnishæfni Íslands

Á vegum forsætisráðuneytisins er unnið að yfirliti yfir stöðu og þróun á lykilstærðum í samfélags- og efnahagsmálum til að skilgreina nánar þann vanda sem við er að glíma og framtíðarvalkosti, s.s. í ríkisfjármálum, gjaldmiðilsmálum, atvinnulífi, húsnæðismálum, jafnréttismálum, byggðamálum, löggæslumálum auk annarra mikilvægra samfélagsmála. Til verksins verða m.a. kvaddar fagstofnanir og sérfræðingar úr háskóla- og rannsóknasamfélaginu. Slíkt stöðumat felur í sér mikilvæga viðmiðun til að meta árangur næstu ára í ljósi þróunar síðustu ára og þess sem gerst hefur.

Komið hefur verið á fót undir forystu forsætisráðuneytis stýrihópi um sóknaráætlanir fyrir alla landshluta til eflingar atvinnulífs og lífsgæða til framtíðar. Markmiðið er að kalla fram

sameiginlega framtíðarsýn og að samþættar verði áætlanir í samgöngumálum, fjarskiptamálum, ferðamálum og byggðaáætlanir, auk áætlana um eflingu sveitarstjórnarstigsins og ýmsa vaxtarsamninga og aðra opinbera stefnumótun og framkvæmdaáætlanir sem ætla má að komi til endurskoðunar í kjölfar efnahagshrunsins. Stefnumótun á þessu sviði mun heyra undir skrifstofu samfélagspróunar.

3. Einstakar breytingar á starfsemi forsætisráðuneytisins

3.1 Verkefni sem flytjast frá forsætisráðuneytinu

Forræði menningarstofnana, menningarverkefna og sjóða fer til mennta- og menningarráðuneytis. Um er að ræða Gljúfrastein og Þjóðmenningarhús, Stafkirkjuna á Heimaey, Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal auk Grænlandssjóðs og sjóðinn Þjóðhátíðargjöf Norðmanna.

Verkefni sem tengjast efnahagsstjórn flytjast til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, þ.e. efnahagsskrifstofa forsætisráðuneytisins, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og formleg samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Sérstök ráðherranefnd um efnahagsmál verður samhliða sett á fót sem hluti af skipuriti forsætisráðuneytisins.

Norðurlandaskrifstofa og utanumhald vegna norrænnar samvinnu flyst til utanríkisráðuneytis. Ráðgjafi forsætisráðherra í alþjóðamálum undirbýr þátttöku ráðherra á fundum og þingum á vettvangi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í samráði við utanríkisráðuneytið.

3.2 Verkefni sem flytjast til forsætisráðuneytisins ásamt nýjum verkefnum

3.2.1 Stýring nýrra samráðsnefnda ráðherra.

Ráðherranefnd um efnahagsmál og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn starfar sem hluti af skipulagi forsætisráðuneytisins undir forystu forsætisráðherra. Ráðherranefndina skipa auk forsætisráðherra efnahags- og viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra. Aðrir ráðherrar sitja jafnframt fundi nefndarinnar í samræmi við umfjöllunarefni á hverjum tíma en nefndin mun m.a. fjalla reglulega um atvinnumál og stöðu heimilanna. Ráðherranefnd um efnahagsmál er ætlað að samræma stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og hafa eftirlit með framkvæmd efnahagsstefnunnar á einstökum sviðum. Meðal þeirra verkefna sem nefndin mun fjalla um er samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, framtíðarskipulag peningamála og samræming í fjármálum hins opinbera til skemmri og lengri tíma. Einnig mun ráðherranefndin vera stefnumótandi og í forystu varðandi samskipti við aðila vinnumarkaðarins, uppbyggingu fjármálakerfisins og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi m.t.t. til efnahagsmála. Ritarar nefndarinnar koma úr forsætisráðuneyti og efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

Ráðherranefnd um Evrópumál starfar undir forystu forsætisráðherra. Hana skipa auk hans utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra. Aðrir ráðherrar koma inn í nefndina eftir atvikum svo sem þegar fjallað er um þeirra málaflokka. Ráðherranefnd um Evrópumál mun að tillögu utanríkisráðherra skipa samningahópa til viðræðna vegna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Með skipan nefndarinnar er ætlunin að tryggja yfirsýn þeirra ráðherra sem þurfa að fylgjast heildstætt með framvindu umsóknar Íslands um aðild að ESB. Nefndin verður vettvangur pólitísku samráðs, samræmingar og undirbúnings ákvarðana

ríkisstjórnar. Unnt verður að kalla til sérfræðinga, fulltrúa stjórnarandstöðu og hagsmunaaðila eftir þörfum. Ritarar nefndarinnar koma úr forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Ráðherranefnd um jafnréttismál mun starfa í forsætisráðuneytinu og í henni sitja auk forsætisráðherra félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra. Dóms- og kirkjumálaráðherra starfar með nefndinni að málefnum er varða mansal og heimilisofbeldi. Ráðherranefnd um jafnréttismál mun fylgja eftir markmiðum um aukna áherslu á baráttu fyrir mannréttindum og kvenfrelsi og veita málaflokki jafnréttismála aukið vægi innan stjórnkerfisins. Auk þess mun hún koma að gerð framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða fyrir Stjórnarráðið í heild og jafnréttismats á stjórnarfrumvörpum, áætlunum og ákvörðunum sem haft geta áhrif á jafna stöðu kynjanna.

Ráðherranefnd um ríkisfjármál á vettvangi ríkisstjórnarinnar verður sett á fót. Gert er ráð fyrir að ráðherranefnd um ríkisfjármál verði starfandi sem hluti af skipuriti forsætisráðuneytisins og að hún starfi undir sameiginlegri forystu forsætisráðherra og fjármálaráðherra og að aðrir ráðherra sitji fundi nefndarinnar eftir því sem tilefni er til. Gert er ráð fyrir því að ráðherranefnd um ríkisfjármál skipuleggi markviss vinnubrögð á sviði ríkisfjármála á vettvangi ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð gagnvart ráðuneytum og Alþingi þannig að markvisst verði unnið á sviði ríkisfjármála. Gert er ráð fyrir því að þessi verkefni verði á skrifstofu samfélagsþróunar.

Fastur samstarfsvettvangur stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins og önnur lykilhagsmunasamtök um þróun íslensks samfélags (Stöðugleikasáttmálinn) starfar á vettvangi skrifstofu samfélagsþróunar í forsætisráðuneytinu.

Sóknaráætlun fyrir alla landshluta 20/20 starfar á skrifstofu samfélagsþróunar í forsætisráðuneytinu.

4. Lýsing á stjórnskipulagi

4.1 Innra stjórnskipulag

Breytingar á starfsemi ráðuneytisins veittu tilefni til að huga að innra stjórnskipulagi. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar með innra stjórnskipulag á meðal yfirstjórnar og skrifstofustjóra ráðuneytisins. Einnig var tillaga að innra stjórnskipulagi lögð fyrir starfsmenn á starfsdegi ráðuneytisins til umfjöllunar og endurgjafar. Í kjölfarið var ákveðið var að gera lágmarksbreytingar á innra stjórnskipulagi að því leyti til að enn verður stuðst við flatt skrifstofufyrirkomulag til að vinna með breyttar áherslur og málaflokka. Markmið með nýju skipulagi er að það endurspegli breyttar áherslur og forgangsmál í starfi ráðuneytisins og veiti þessum verkefnum og stefnumótun á viðkomandi sviðum skýra og sýnilega umgjörð. Eftirfarandi skrifstofur mynda því forsætisráðuneytið frá og með 1. október 2009:

- **Skrifstofa yfirstjórnar**
- **Skrifstofa samfélagsþróunar**
- **Skrifstofa löggjafarmála**
- **Skrifstofa stjórnsýsluþróunar**
- **Rekstrar- og fjármálaskrifstofa**

4.1.1 Skrifstofa yfirstjórnar

- Málefni ríkisstjórnar
- Málefni ríkisráðs
- Samskipti við Alþingi og embætti Forseta Íslands
- Þingmálaskrá ríkisstjórnar
- Alþjóðasamskipti
- Almannatengsl
- Málaskrá og skjalasafn
- Fagleg samskipti við stofnanir ráðuneytisins
- Þjóðartákn og orður
- Ráðgjöf til forsætisráðherra á ofangreindum sviðum

4.1.2 Skrifstofa samfélagsþróunar

- Stefnumótun á sviði samfélagsþróunar og –uppbyggingar
- Samráðs- og samstarfsverkefni og samráð við aðila vinnumarkaðarins m.a. stöðugleikasáttmáli
- Staða og þróun lykilstærða í samfélags- og efnahagsmálum
- Þróun og samhæfing samfélagslegra verkefna er hafa það að markmiði að auka samkeppnishæfni Íslands s.s. sóknaráætlun fyrir alla landshluta
- Vísinda- og tækniráð
- Öryggis- og almannavarnamál m.a. öryggismál stjórnarráðsins
- Þjóðlendumál
- Viðburðastjórnun
- Ýmis tímabundin og ótímabundin verkefni sem forsætisráðuneytinu eru falin til úrlausnar

- Samskipti við Vesturfarasetrið á Hofsósi
- Ráðgjöf til forsætisráðherra á ofangreindum sviðum

4.1.3 Skrifstofa löggjafarmála

- Stefnumótun á sviði löggjafar
- Stjórnarskráin og þróun stjórnskipunarréttar
- Stjórnsýslulög
- Upplýsingalög
- Undirbúningur lagasetningar í ráðuneytum, mat á áhrifum og samráð, gátlistar
- Lagasamræming og einföldun
- Stjórnsýsluúrskurðir og úrskurðarnefndir
- Lögfræðileg ráðgjöf
- Ráðgjöf til forsætisráðherra á ofangreindum sviðum

4.1.4 Skrifstofa stjórnsýsluþróunar

- Stefnumótun, þróun og umbætur stjórnsýslu ríkisins og Stjórnarráðsins
- Undirbúningur skipulagsbreytinga innan Stjórnarráðsins og stofnanakerfis ríkisins
- Rafræn stjórnsýsla
- Vefmál Stjórnarráðsins
- Þróun upplýsingamiðlunar innan Stjórnarráðsins til fjölmiðla og almennings
- Stefnumótun, eftirfylgni og samráð í málefnum upplýsingasamfélagsins
- Ráðgjöf til forsætisráðherra á ofangreindum sviðum

4.1.5 Rekstrar- og fjármálaskrifstofa

- Stefnumótun og samráð ráðuneyta um rekstur og fjármál
- Fjármál og fjárlagagerð
- Rekstur ráðuneytisins
- Starfsmannamál forsætisráðuneytisins
- Fjármál stofnana
- Síma- og vaktþjónusta
- Funda- og veitingaþjónusta og ræsting
- Fasteignir forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins
- Ráðgjöf til forsætisráðherra á ofangreindum sviðum.

4.2 Ráðherranefndir

Fjórar ráðherranefndir munu starfa undir forystu forsætisráðherra. Þetta eru ráðherranefndir um efnahagsmál, ríkisfjármál, Evrópumál og jafnréttismál sbr. ítarleg lýsing í kafla 3.3.

4.3 Stjórnskipulagsleg virkni

Gert er ráð fyrir að skrifstofur vinni náið saman og eigi skilgreint samstarf við ráðuneytisstjóra um lausn þeirra fjölbreyttu verkefna sem starfsmönnum ráðuneytisins ber að sinna. Jafnframt verður lögð rík áhersla á sveigjanleika og vinnu þvert á skrifstofur þannig að sérþekking og

mannauður starfsmanna nýtist sem best í þeim verkefnum sem eru til úrlausnar hverju sinni. Reglubundnir og vel skipulagðir fundir verða haldnir reglulega á skrifstofum. Reglubundnir fundir skrifstofustjóra og ráðuneytisstjóra verða haldnir vikulega.

Skipulag ráðuneytisins miðar að því að ábyrgðarskipting sé skýr, skilvirkni sé í starfinu, boðleiðir séu skilgreindar og upplýsingaflæði skilvirkt.

Hlutverk skrifstofustjóra er að veita faglega forystu á sínu sérsviði og hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka. Þess skal gætt að hlutverk þeirra við úrlausn verkefna verði mest við mótun og frágang þeirra. Skrifstofustjórum ber að tryggja að vinnubrögð séu samræmd og starfsmenn séu upplýstir um þær ákvarðanir sem hafa áhrif á verkefni. Einnig þurfa þeir að stunda virka upplýsingamiðlun og halda reglulega fundi til að upplýsa um stöðu mála og þróa verkefni í samvinnu við samstarfsmenn. Skrifstofustjórar bera sjálfstæða ábyrgð á sínum verkefnum en bera sérstaka ábyrgð með ráðuneytisstjóra á því að stuðla að hnökralausu samstarfi um lausn þverfaglegra verkefna. Tilgangur þverfaglegrar vinnu er tvíþættur. Annars vegar að nýta sem best þá þekkingu sem starfsfólk býr yfir og hins vegar stuðla að jafnara vinnuálagi starfsmanna.